

**203. fundur hafnarstjórnar**  
**haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 21. mars 2019 og**  
**hófst hann kl. 12:00.**

**Fundinn sátu:**

Marzellius Sveinbjörnsson formaður, Sigríður Gísladóttir aðalmaður, Sigurður Jón Hreinsson varaformaður, Högni Gunnar Pétursson varaformaður og Jóhann Bæring Gunnarsson varamaður.

**Embættismenn:**

Guðmundur M Kristjánsson, hafnarstjóri og Hálfán Bjarki Hálfánsson, upplýsingafulltrúi.

**Fundargerð ritaði:** Hálfán Bjarki Hálfánsson, upplýsingafulltrúi.

**Dagskrá:**

**1. Möguleg sameining hafnarsjóða Ísafjarðarbæjar og Súðavíkurhrepps - 2019020051**

Lagt fram bréf Péturs Markan, sveitarstjóra Súðavíkurhrepps, dagsett 7. febrúar, þar sem óskað er eftir fundi vegna mögulegrar sameiningar hafnarsjóða Súðavíkurhrepps og Ísafjarðarbæjar.

*Hafnarstjórn tekur jákvætt í erindið, en leggur áherslu á að möguleg stofnun hafnasamlags hafi ekki áhrif á uppbyggingaráform hafna Ísafjarðarbæjar, og leggur til við bæjarstjórn að bæjarstjóra og hafnarstjóra verið falið að leiða viðræður við fulltrúa Súðavíkurhrepps.*

**2. Umhverfismat á Sundabakkarsvæði - 2017050124**

Lagt fram minnisblað Fannars Gíslasonar f.h. Vegagerðarinnar, dags. 19. mars, um gerð umhverfismats vegna stækkunar Sundabakka á Ísafirði.

*Hafnarstjórn felur hafnarstjóra að ganga til samninga við Verkís á Ísafirði um gerð umhverfismats.*

**3. Endurbygging löndunarkants á Suðureyri - 2019030066**

Lagt fram minnisblað hafnarstjóra, dags. 19. mars, varðandi endurbyggingu löndunarkants á Suðureyri.

*Lagt fram til kynningar.*

**4. Umræður um Þingeyrarhöfn og Flateyrahöfn - 2018080027**

Lögð fram beiðni Högna Péturssonar varaformanns varðandi umræður um málefni hafnanna á Þingeyri og Flateyri.

*Rætt um málefni hafnanna á Þingeyri og Flateyri, m.a. um ástand dekkja. Fram kom í umræðunum að framkvæmdum við rafkerfi Flateyrahafnar er lokið, en kerfið skemmdist mikið í flóði nýverið.*

**5. Hafnasamband Íslands - Ýmis erindi og fundargerðir 2019-2020 - 2019030067**

Lagðar fram fundargerðir 409. og 410. funda stjórnar Hafnasambands Íslands.

*Lagðar fram til kynningar.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 12:50**

---

Marzellíus Sveinbjörnsson

---

Sigríður Gísladóttir

---

Sigurður Jón Hreinsson

---

Högni Gunnar Pétursson

---

Jóhann Bæring Gunnarsson

---

Guðmundur M Kristjánsson

---

Hálfván Bjarki Hálfvánsson